

TRYGGINGASTOFNUN
RÍKISINS

Alþingi

Fr. Ragnhildur Arnljótsdóttir
c/o Alþingi v/Austurvöll

Efnding. D 117/91

Komandiárgur 22/11 1993



150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 18. nóvember 1993

Í framhaldi af samtali okkar í gær, leyfi ég mér að senda yður

1. Reglugerð nr. 351/1977, varðandi tekjutryggingu, heimilisuppbót og heimildarhækkunar.
2. Reglugerð um fjárhagslega aðstoð við framfarænder fatlaðra og sjúkra barna, dagsetta 22. apríl 1992, ásamt lagaheimildum.
3. Umsóknareyðublað um heimilisuppbót, skv. lögum um almannatryggingar.
4. Ljósrit 52. gr. ATL.

Eins og við ræddum um, eru mikil vandkvæði, sem fylgja því, að framfylgja 52. gr. ATL. Margir gera sér það að leik, að skrá sig út og suður, til þess að njóta fyllstu bóta, sem einhleypingar, þrátt fyrir óvígða sambúð.

Setja þarf skýr lagaákvæði, varðandi þennan vanda og hversu með skuli fara.

Þá eru komnir til sögunnar þjóðfélagshópar, svo sem hommar og lesbíur og heimta skýringu á réttarstöðu sinni og telja, að um misrétti sé að ræða gagnvart þeim.

Lífeyrisdeildinni barst t.d. um daginn spurning um það, hvort hommi, sem verið hefði í óvígðri sambúð með látnum homma, ætti ekki rétt á einhverjum bótum, sem langlífari maki.

Hér er verðugt verkefni fyrir löggjafavaldið að ráða bót á.

Með bestu kveðju
TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS
-lífeyrisdeild-

Hilmar Björgvinsson

HB/ÁH

d. Slysadagpeningar og elli- eða ekkjulífeyrir.¹

e. Öror kubætur og bætur til ekkju eða ekkils samkvæmt 17.gr.²

f. Aðrar bætur, ef svo er mælt fyrir í lögnum.

Ef maður á rétt á fleiri tegundum bóta en einni, sem ekki geta farið saman, má hann taka hærri eða hæstu bæturnar. Nú nýtur umsækjandi um dagpeninga annarra legri bóta, sem veittar eru til langs tíma, og skulu þá dagpeningar nema mismuninum.

Sjúkrakostnað slysatrygginga vegna manns, sem einnig er tryggður í sjúkrasamlagi, greiðir sjúkrasamlagið gegn endurgreiðslu frá slysatryggingum.¹

Ef elli-, örorku eða ekkjulífeyrisþegi dvelst lengur en einn mánuð í stofnun þar sem sjúkratryggingar greiða fyrir hann fellur lífeyrir hans niður ef vistin hefur verið lengri en 4 mánuðir undanfarandi 24 mánuði. Heimilt er þó tryggingaráði að víkja frá þessum tímamörkum ef sérstaklega stendur á. Sé dvölin ekki greidd að fullu er heimilt að greiða lífeyri, allt að því sem á vantar. Ef hlutaðeigandi er algerlega tekjulaus er Tryggingastofnuninni heimilt að greiða honum sjálfum allt að 25% grunnlífeyris og tekjutryggingar.³

X

52. gr.

Sama rétt til bóta og hjón hafa samkvæmt lögum þessum einnig karl og kona, sem búa saman og eru bæði ógift, ef þau hafa átt saman barn eða konan er þunguð af hans völdum eða sambúðin hefur varað samfleytt í 2 ár. Sama gildir um bótarétt þess, sem eftir lifir, þegar hitt deyr.

1) Lög nr. 112/1972, 17. gr.

2) Lög nr. 62/1974, 7. gr.

3) Lög nr. 25/1984, 5. gr.

Slíkt sambúðarfólk öðlast aldrei meiri bótarétt en þau hefðu haft, ef þau væru hjón. Þó er heimilt að greiða sambúðarkonu slysabætur.

53. gr.

Tryggingastofnunin eða sjúkrasamlag getur greitt öðrum en bótaþega eða framfærslumanni bætur, ef ástæða er til að ætla, að bæturnar séu notaðar á þann hátt, að eigi samrýmist tilgangi laganna. Slíkar ráðstafanir skulu þó að jafnaði bornar undir hlutaðeigandi sveitarstjórn eða barnaverndarnefnd, ef um er að ræða fjölskyldubætur¹ eða barnalífeyri.

54. gr.

Bætur, sem ætlaðar eru bótaþegum sjálfum, greiðast ekki, ef hlutaðeigandi vanrækir að fara að læknisráðum eða neitar að hlíta fyrirmælum um þátttöku í þjálfun eða starfsnámi, sem bætt gæti afkomu hans eða búið hann undir nýtt starf.

55. gr.

Umsóknir um bætur skulu ritaðar á eyðublöð, er Tryggingastofnunin lætur gera. Skulu eyðublöð þessi fást í skrifstofum stofnunarinnar, hjá umboðsmönnum hennar og annars staðar, eftir því sem hentugt þykir.

Umsækjendum er skylt að svara öllum spurningum og gefa allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til þess, að hægt sé að úrskurða bætur eða endurskoða bótarétt.

Ekki verður krafist umsókna um sjúkrabætur að undanteknum sjúkradagpeningum.

Starfsfólk sjúkrasamlaga, Tryggingastofnunarinnar og umboðsmenn hennar skulu kynna sér til hlítar aðstæður umsækjenda og

1) Fjölskyldubætur felldar niður með lögum nr. 11/1975.



HEILBRIGÐIS - OG
TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

REYKJAVÍK

TILV. RÁÐUNEYTIS

DAGS.

Reglugerð

um fjárhagslega aðstoð við framfærendur
fatlaðra og sjúkra barna.

1. gr.

Framfærendur fatlaðra og sjúkra barna frá þriggja mánaða og allt að 16 ára aldri, sem dvelja í heimahúsi, eiga rétt á fjárhagslegri aðstoð, ef sjúkdómur eða andleg eða líkamleg hömlun hefur í för með sér sannanleg tilfinnanleg útgjöld eða sérstaka umönnun og gæslu.

2. gr.

Með hugtakinu fatlað barn er átt við barn sem vegna greindarskerðingar, geðrænna truflana eða líkamlegrar hömlunar þarf sérstaka þjálfun og aðstoð á uppvaxtarárum sínum.

Með hugtakinu sjúkt barn er átt við barn, sem þarfnast iæknisfræðilegrar meðferðar vegna alvarlegs og/eða langvinns sjúkdóms.

3. gr.

Tryggingastofnun ríkisins úrskurðar og annast greiðsiur þessar og metur læknisfræðilegar forsendur umsækjanda og fötlunar- eða sjúkdómsstig, sbr. 4. gr. Svæðisstjórnir málefna fatlaðra gera tillögur um greiðslur vegna þeirra barna, sem njóta þjónustu samkvæmt lögum um málefni fatlaðra. Tillögur skulu berast Tryggingastofnun ríkisins eigi síðar en 14 dögum eftir að umsókn er lögð fram.

4. gr.

Greiða skal framfærendum fatlaðra og sjúkra barna styrk að hámarki kr. 9.092 miðað við 12 - 40 klst. þjónustu á mánuði, sbr. greiðsluviðmiðunartöflu.

Greiða skal framfærendum fatlaðra og sjúkra barna umönnunarbætur, miðað við 40 - 175 klst. þjónustu á mánuði, sbr. greiðsiuviðmiðunartöflu. Tryggingaráði er heimilt að hækka viðmiðun í allt að 200 klst., mæli sérstakar ástæður með því að mati tryggingayfirlæknis eða svæðisstjórnar. Hámarksfjárhæð greiðslu fyrir 175 klst. umönnun á mánuði er kr. 47.111,00

22 APR 1992

frá 1. janúar að telja. Dagleg þjónusta, sem barn fær utan heimllis skerðir umönnunarbætur.

Heimilt er að meta til hækkunar greiðslna, ef um sannanleg tilfinnanleg útgjöld er að ræða, t.d. mikinn ferða- og dvalarkostnað vegna læknismeðferðar. Einnig er heimilt að úrskurða framfærendum fatlaðra og sjúkra barna bifreiðastyrk, sbr. 20. gr. laga um almannatryggingar.

Við útreikning á greiðslum til framfærenda er eftirfarandi viðmiðun lögð til grundvallar, byggð á upplýsingum frá greiningaraðilla, þjónustustofnunum og framfærendum:

Skilgreiningar á fötlunar- og sjúkdómsstigi.

I. Flokkun vegna umönnunar- og gæsluþarfar og útgjalda, miðað við stig fötlunar og aldur barns.

FI.1 Börn, sem vegna mjög alvarlegrar fötlunar (fjölfötlunar) eru algjörlega háð öðrum með hreyfifærni og/eða flestar athafnir daglegs lífs.

FI.2 Börn, sem þurfa verulega aðstoð eða gæslu í daglegu lífi, t.d. vegna alvarlegrar þroskahömlunar, verulegrar hreyfihömlunar (hjólástóll/hækjur) verulegrar tengslaskerðingar (einhverfu). Blinda.

FI.3 Börn, sem þurfa reglulega aðstoð, t.d. vegna miðlungs þroskahömlunar, hreyfihömlunar (spelkunotkun, aðstoð við ferli), verulegrar heyrnarskerðingar (táknmál) eða verulegrar sjónskerðingar.

FI.4 Börn, sem þurfa töluverða námsaðstoð, þjálfun og nokkra aðstoð í daglegu lífi, t.d. vegna málhömlunar, vægrar þroskahömlunar eða verulegs misproska eða hegðunarvandkvæða.

FI.5 Börn, sem þurfa fyrst og fremst umönnun vegna þjálfunar og eftirlits sérfræðinga.

II. Flokkun vegna umönnunar- og gæsluþarfar og útgjalda sjúkra barna miðað við stig sjúkdóms og aldur barns.

FI.1 Börn, sem þurfa langvarandi vistun á sjúkrahúsi eða yfirsetu foreldra í heimahúsi vegna lífshættulegs sjúkdóms.

FI.2-3 Börn, sem þurfa reglulegar lyfjagjafir eða geislameðferð með tíðum sjúkrahúsinnlögnum vegna alvarlegs sjúkdóms.

FI.4 Börn, sem foreldrar þurfa að gefa reglulegar lyfjagjafir í sprautuformi eða sjá um hjálpartæki (stomapoka, þvagpoka).

FI.5 Börn, sem þurfa aðstoð vegna reglulegra lyfjagjafa í sprautuformi, aðstoð við hjálpartæki. Börn, sem eru að nokkru sjálfbjarga. Börn, sem þurfa reglubundið eftirlit og langvinna lyfjagjöf um munn t.d. börn með flogaveiki.

Greiðsluviðmiðun m.t.t. ofangreindrar flokkunar og daglegrar þjónustu utan heimilis virka daga er þessi:

Þjónusta utan heimilis	< 2 klst	2 klst < 4 klst	4 klst < 6 klst	6 klst < 8 klst	≥ 8 klst
1. fl.	175 klst	153 klst	131 klst	87,5 klst	44 klst
2. fl.	153 klst	131 klst	87,5 klst	44 klst	40 klst
3. fl.	131 klst	87,5 klst	44 klst	30 klst	30 klst
4. fl.	87,5 klst	44 klst	20 klst	20 klst	20 klst
5. fl.	44 klst	12 klst	12 klst	12 klst	12 klst

5. gr.

Umsóknir framfærenda skv. reglugerð þessari skulu sendar Tryggingastofnun ríkisins á sérstökum eyðublöðum, sem stofnunin lætur útbúa. Greiningaraðili skal senda tryggingayfirækni upplýsingar um læknisfræðilega greiningu og aðstæður viðkomandi barns.

Vegna þeirra barna, sem njóta þjónustu skv. lögum um máiefni fatlaðra skal umsókn send til viðkomandi svæðisstjórnar, sem kannar vandlega aðstæður hins fatlaða. Greiningaraðili skal senda svæðisstjórn upplýsingar um fötlun og félagslegar aðstæður umsækjanda. Svæðisstjórn sendir Tryggingastofnun ríkisins umsóknina ásamt mati sínu og tillögum um greiðslu.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir vottorðsgjafa fyrir læknisvottorð vegna greiðsina þessarar.

Fjárhagsleg aðstoð skv. reglugerð þessari skal ætíð ákveðin til tiltekins tíma, þó aldrei lengur en til þriggja ára í senn.

Heimilt er að úrskurða bætur allt að tvö ár aftur í tímann, sbr. 56. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, enda sé ljóst að sjúkdómur eða fötlun hafi leitt til útgjalda og/eða sérstakrar umönnunar á þeim tíma.

6. gr.

Framfærendum, sem njóta fjárhagsaðstoðar skv. reglugerð þessari er skylt að tilkynna Tryggingastofnun ríkisins eða svæðisstjórn um aðstæður, sem kunna að hafa í för með sér breyttar forsendur fyrir greiðslum. Sumarorlof skólabarna hefur þó ekki áhrif á greiðslur skv. reglugerð þessari.

7. gr.

Um ágreining vegna framkvæmdar reglugerðar þessarar fer skv. 7. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar.

8. gr.

Fjárhæðir skv. reglugerð þessari skulu taka breytingum í samræmi við aðrar bætur l. 67/1971 um almannatryggingar.

9. grein.

Reglugerð þessi er sett skv. 3. gr. laga nr. 79/1991 um breytingu á

lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum og gildir frá 1. janúar 1992. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 605/1989 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og 3. gr. reglugerðar nr. 116/1974 um úthlutun örorkustyrkja.


Ákvæði til bráðabirgða.

Hafi einstakar greiðslur, sem úrskurðaðar voru skv. reglugerð nr. 605/1989 og 3. gr. reglugerðar nr. 116/1974 verið úrskurðaðar til lengri tíma en 1. janúar 1992, skulu þær greiðslur halda gildi sínu til þess tíma er úrskurðurinn nær.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið,
22. apríl 1992

Ólafur Þorvaldursson

Júlianna Þorvaldursson



Skilgreiningar á fötlunar- og sjúkdómsstigi.

I. Flokkun vegna umönnunar- og gæsluþarfar miðað við stig fötlunar og aldur barns.

Fl. 1. Börn, sem vegna mjög alvarlegrar fötlunar (fjölfötlunar) eru algjörlega háð öðrum með hreyfifærni og/eda flestar athafnir daglegs lífs.

Fl. 2. Börn, sem þurfa verulega aðstoð eða gæslu í daglegu lífi, t. d. vegna alvarlegrar þroskahömlunar, verulegrar hreyfihömlunar (hjólástóll/hækjur) eða verulegrar tengslaskerðingar (einhverfu).

Fl. 3. Börn, sem þurfa reglulega aðstoð, t. d. vegna miðlungs þroskahömlunar, hreyfihömlunar (spelkunotkun, aðstoð við ferli), verulegrar heyrnarskerðingar (táknmál) eða verulegrar sjónskerðingar/blindu.

Fl. 4. Börn, sem þurfa töluverða námsaðstoð, þjálfun og nokkra aðstoð í daglegu lífi, t.d. vegna málhömlunar, vægrar þroskahömlunar.

Fl. 5. Börn, sem þurfa fyrst og fremst umönnun vegna þjálfunar og eftirlits sérfræðinga.

II. Flokkun vegna umönnunar- og gæsluþarfar sjúkra barna miðað við stig sjúkdóms og aldurs barns.

Fl. 1. Börn, sem þurfa langvarandi vistun á sjúkrahúsi eða yfirsetu foreldra í heimahúsi, t.d. vegna lyfjagjafar eða sjúkdóms sem krefst einangrunar.

Fl. 2. Börn, sem þurfa reglulegar lyfjagjafir eða geislameðferð með tíðum sjúkrahúsinnlögnum.

Fl. 3. Börn, sem foreldra þurfa að gefa reglulegar lyfjagjafir í sprautuformi eða sjá um hjálpartæki (stomapoka, þvagpoka).

Fl. 4. Börn, sem þurfa aðstoð vegna reglulegra lyfjagjafa í sprautuformi, aðstoð við hjálpartæki.

Fl. 5. Börn, sem þurfa reglubundið eftirlit og langvinna lyfjagjöf um munn.

Greiðsluviðmiðun m. t. t. ofangreindar flokkunar og lengdar daglegrar þjónustu utan heimils:

Þjónusta utan heimilis.	Allt að 2 klst.	Allt að 4 klst.	Allt að 6 klst.	Allt að 8 klst.	Meir en 8 klst.
1. fl.	175 klst.	153 klst.	131 klst.	87,5 klst.	44 klst.
2. fl.	153 klst.	131 klst.	87,5 klst.	44 klst.	40 klst.
3. fl.	131 klst.	87,5 klst.	44 klst.	20 klst.	30 klst.
) 4. fl.	87,5 klst	44 klst.	20 klst.	20 klst.	20 klst.
5. fl.	44 klst.	20 klst.	10 klst	10 klst.	10 klst.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar,
með síðari breytingum o.fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

10. gr. laganna, eins og henni var síðast breytt með 2. gr. laga nr. 59/1978, orðast svo:
Lífeyristryggingar taka til ellilífeyris, örorkulífeyris, umönnunarbóta, makabóta, barnalífeyris, mæðralauna, ekkjubóta og ekkjulífeyris.

2. gr.

3. mgr. 12. gr. laganna, eins og henni var síðast breytt með 2. gr. laga nr. 30/1981, orðast svo:

Heimilt er Tryggingastofnuninni að veita örorkustyrk þeim sem skortir a.m.k. helming starfsorku sinnar og uppfyllir skilyrði 1. mgr. að öðru leyti en því er örorkustig varðar. Örorkustyrkþegi, sem náð hefur 62 ára aldri, skal njóta örorkustyrks sem jafnan svarar til fulls örorkulífeyris (grunnlífeyris án bóta tengdra honum). Örorkustyrk má enn fremur veita þeim sem stundar fullt starf, en verður fyrir verulegum aukakostnaði sökum örorku sinnar. Tryggingaráð setur reglur um örorkustyrki og skulu þær staðfestar af ráðherra.

3. gr.

a. Á eftir 12. gr. laganna komi ný grein er verði 13. gr. og orðist svo:

Greiða skal framfærendum fatlaðra og sjúkra barna, sem dveljast í heimahúsi, styrk, allt að 9.092 kr., eða umönnunarbætur, allt að 47.111 kr. á mánuði ef andleg eða líkamleg hömlun barns hefur í för með sér tilfinnanleg útgjöld eða sérstaka umönnun eða gæslu. Tryggingastofnun ríkisins úrskurðar og annast greiðslu styrks og umönnunarbóta, að fengnum tillögum svæðisstjórna, samkvæmt lögum um málefni fatlaðra. Greiðsla styrks skal miðuð við 10–40 klst. þjónustu á mánuði en greiðsla umönnunarbóta 40–175 klst. þjónustu á mánuði, sem tryggingaráði er heimilt að hækka í allt að 200 klst., mæli sérstakar ástæður með því að mati svæðisstjórna. Dagleg þjónusta við barn utan heimilis skerðir umönnunarbætur. Um framkvæmd greinarinnar fer eftir reglugerð sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur í samráði við félagsmálaráðherra að fengnum tillögum tryggingaráðs.

b. 13.–22. gr. verða 14. og 23. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1992. Frá sama tíma fellur úr gildi 3.–5. mgr. 10. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 41/1983.

Gjört í Reykjavík, 23. desember 1991.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sighvatur Björgvinsson.

Reglugerð

um tekjutryggingu, heimilisuppbót og heimildarhækkanir samkvæmt 19. gr. laga um almannatryggingar.

1. gr.

Ef tekjur elli- og örorkulífeyrisþega fara ekki fram úr 180.000 kr. á ári, skal greiða uppbót á lífeyri hans að upphæð kr. 321.180 á ári. Hafi bótaþeginu hins vegar tekjur umfram 180.000 kr. á ári, skal skerða uppbótina um 55% þeirra tekna, sem umfram eru.

2. gr.

Hjónum, sem bæði njóta elli- eða örorkulífeyris en hafa ekki tekjur, er fara fram úr 252.000 kr. á ári, skal greiða uppbót á lífeyri að upphæð 542.952 kr. á ári. Hafi hjónin hins vegar tekjur umfram 252.000 kr. á ári, skal skerða uppbótina um 55% þeirra tekna, sem umfram eru.

3. gr.

Nú nýtur annað hjóna elli- eða örorkulífeyris, en hitt ekki, skal þá helmingur samanlagðra tekna þeirra, teljast tekjur lífeyrisþegans. Fari þessar tekjur hans ekki fram úr 180.000 kr. á ári, skal greiða uppbót (tekjutryggingu) á lífeyri hans að upphæð kr. 321.180 kr. á ári. Hafi bótaþeginn hins vegar tekjur umfram 180.000 kr. á ári, skal skerða uppbótina um 55% þeirra tekna, sem umfram eru.

4. gr.

Með „tekjum“ í 1.—3. gr. er átt við allar tekjur í tekjudálki skattskýrslu, aðrar en tryggingabætur, eigin húsaleigu og tekjur barna.

5. gr.

Við ákvörðun tekna, samkvæmt ofanrituðu, skal fara eftir nýjustu upplýsingum, sem skattýfirvöld geta látið í té, enda geti umsækjandi eða Tryggingastofnunin ekki fært sönnur á nýrri upplýsingar.

6. gr.

Nú hættir elli- eða örorkulífeyrisþegi vinnu eða missir á annan hátt tekjur, sem hafa komið í veg fyrir, að hann fengi hækkun bóta samkv. 1.—3. gr., og skal hann þá, eftir því sem við verður komið, færa sönnur á tekjulækkunina og gefa skriflega yfirlýsingu um hana. Er þá heimilt að taka tillit til tekjulækkunarinnar, en komi síðar í ljós, að úrskurður bótaþega hafi verið byggður á röngum upplýsingum, ákveður tryggingaráð, hvernig með skuli fara.

7. gr.

Peir, sem eiga rétt til hækkunar lífeyris vegna frestunar á töku hans fram yfir 67 ára aldur samkvæmt 11. gr. almannatryggingalaga, skulu njóta þeirrar sérstöku hækkunar umfram þær hækkanir, sem getið er í 1.—3. gr. hér að framan.

8. gr.

Við ákvörðun tekjutryggingar samkvæmt framansögðu, svo og við ákvörðun heimildarhækkunar samkvæmt 12. gr., skal, eftir því sem við verður komið, hafa

**TRYGGINGASTOFNUN
RÍKISINS
LÍFEYRISDEILD**

**Umsókn um
heimilisuppbót
samkvæmt lögum
um almannatryggingar**

Umsækjandi skrifi ekki í þennan reit.

Tekjutrygging
á mánuði:

Heimilisuppbót
á mánuði:

Frá kr. kr.

Frá kr. kr.

Frá kr. kr.

Frá kr. kr.

Frá kr. kr.

Í umboði Tryggingastofnunar ríkisins

1. Nafn umsækjanda Kennit.

Fd. og ár: Staða: Ríkisfang:

Lögheimili: Sími: Sveitarfélag:

Merkið X þar sem við á.

2. Er umsækjandi einhleypur? Já Nei

Merkið X þar sem við á.

3. Nýtur umsækjandi tekjutryggingar? Já Nei

Merkið X þar sem við á.

4. Umsækjandi nýtur ellilífeyris örorkulífeyris

Merkið X eða svarið með öðrum hætti, þar sem við á.

5. Húsnæðisaðstaða umsækjanda.

- A. Býr einn í eigin íbúð.
 Býr einn í hluta eigin íbúðar.

Hver eru tengsl hans við aðra, sem í íbúðinni búa?

Húsaleiga greidd umsækjanda kr. á mán.

B. Býr einn í leiguíbúð. Húsaleiga kr. á mán.

Eigandi íbúðar?

Leigir einn hluta íbúðar. Húsaleiga kr. á mán.

Eigandi íbúðar?

Hver eru tengsl umsækjanda við aðra, sem í íbúðinni búa?

C. Eldunaraðstaða umsækjanda.

- Hefur aðstöðu einn.
 Hefur aðstöðu með öðrum.
 Hefur enga eldunaraðstöðu.